

LESFIMIÞJÁLFUN NEMENDA


á mið- og unglingastigi

Aldurshópur

Mið- og unglingastig

Lesfimiþjálfun eldri nemenda

Áherslan á raddlestur (það að lesa upphátt) minnkar oft þegar nemendur koma á miðstigið og svo virðist sem gert sé ráð fyrir því að nemendur auki leshraðann með því að þjálfast lesturinn í hljóði (hljóðlestur), oft upp á eigin spýtur. Eina leiðin til að fylgjast með framförum í leshraða er að hlusta reglulega á nemendur lesa, að gefa þeim tækifæri til að þjálfast sig, veita nauðsynlega endurgjöf á lesturinn og að meta stöðu þeirra reglulega. Rannsóknir sýna að markviss vinna með raddlestur er líklegri til að bæta árangur nemenda í lesfimi en þjálfun með hljóðlestri þar sem kennarinn hefur enga innsýn í lestrarferlið.



Það er alltaf einhver hluti nemenda, bæði á mið- og unglingastigi, sem skortir góða lesfimi. Þó er líklegt að þessir nemendur hafi þegar náð fullnægjandi tókum á lestraraðferðinni sjálfri (hljóða-aðferðinni), glími ekki við vanda heldur skorti meiri æfingu til að ná upp nauðsynlegum lestrarhraða. Það er því mikilvægt að þessir nemendur fái áfram nauðsynlega þjálfun og aðhald þegar yngsta stiginu sleppir til að ná nægilega góðum tókum á lesfimi svo þeir geti lesið sér til gagns í takt við auknar kröfur í námi. Til að koma í veg fyrir að þjálfunin verði feimnismál þurfa þjálfunaraðferðirnar að taka mið af aldri og þroska nemenda og veita þeim tækifæri til að vinna sjálfstætt eða í samvinnu við jafningja.

Mikilvægt er að hafa í huga að þjálfunin má ekki aðeins beinast að sjálfvirkni lestrarins (leshraðanum) heldur einnig að öðrum mikilvægum þáttum lesfiminna svo sem lestrarnákvæmni og hrynrænum þáttum samanber [matsrammann fyrir lesfimi](#). Þannig verða nemendur að læra að virða textann sem höfundur hefur skrifað með því að lesa hann rétt en nákvæmur lestur og það að huga að greinarmerkjasetningu og hljómfalli, eykur líkurnar á því að rétt merking texta komist til skila. Merking texta liggur ekki aðeins í einstökum orðum sem mynda hann heldur getur t.d. setningaskipan og almenn framsetning á efni einnig skipt máli fyrir túlkun hans.

Upptaka á lestri – æfing heima



Þar sem langflestir nemendur eiga síma geta þeir unnið að því að bæta lestur sinn með því að taka hann upp, hlusta og laga það sem betur má fara. Kennari velur texta sem tekur fimm til tíu mínútur í flutningi en nemandinn byrjar á því að taka textann upp án þess að hafa æft sig á honum. Næst les hann textann nokkrum sinnum upphátt þar til hann er alveg viss um að geta lesið hann hnökralaust, tekur hann upp og skilar upptökunni til kennara. Kennari hlustar á brot úr upptökunni til að leggja mat á vinnu nemanda og veitir honum endurgjöf. Þetta er tilvalið verkefni í heimalestrarþjálfun fyrir eldri nemendur sem þurfa að ná meiri sjálfvirkni við lestur, verða nákvæmari lesarar og huga betur að góðu lestrarlagi eins og því er lýst í matsramma fyrir lesfimi á [Læsisvefnum](#).

Paralestur – einföld útgáfa

Margir kennarar þekkja vel til paralestrar, t.d. PALS. Þessi útfærsla á paralestri er miklu minni í sniðum og gott að grípa til hennar þegar vinna þarf með lesfimi í aðdraganda lesfimiþrófs, þegar nemendur þurfa að lesa texta námsgreina eða í tengslum við verkefni sem krefjast góðs undirbúnings á lestri, t.d. vegna upp-lestrar.

Nemendur eru paraðir saman og skiptast á að lesa upphátt. Hægt er að láta þá lesa t.d. eina efnisgrein eða eina blaðsíðu til skiptis en á meðan nemendur lesa gengur kennarinn hringinn og veitir endurgjöf á lesturinn. Hún getur verið fólgin í því að fá nemendur til að huga að lestrarnákvæmni, tjáningu eða leshraða svo dæmi séu tekin. Huga þarf einnig vel að lesskilningi en nemendur gætu til dæmis endursagt efni textans sem þeir lásu, búið til spurningar eða unnið sérstaklega með nýjan orðaforða.



Endurtekinn lestur

Þessari aðferð er hægt að flétta saman við paralesturinn. Nemandi les textabrot upphátt (u.þ.b. 100 orða langt) og veitir kennari eða samnemandi endurgjöf á lesturinn. Textinn er lesinn þrisvar eða þar til lestrarnákvæmni er 99% (ein villa í 100 orða texta) og nemandinn nær að lesa yfir 100 orð á mínútu með hljómfalli sem endurspeglar skilning hans á efninu. Hér getur verið mjög gott að nota texta úr samfélags- og náttúrfraeðigreinum sem innihalda mikið af nýjum hugtökum sem nemendur þurfa að kynnast og tileinka sér.

Að bíða, minna á og hrósa

Nemendur geta verið mislangt á veg komnir í lesfimi og því er mikilvægt að kenna þeim að bregðast rétt við og á uppbyggilegan hátt ef lestrarfélaginn þarf á stuðningi að halda. Þá getur verið gott að styðjast við þessi þrjú skref:

Að bíða: Ef lestrarfélaginn gerir villu í lestrinum á að leyfa honum að ljúka við lestur málsgreinar og athuga síðan hvað hann gerir. Úrræðagóður lesari áttar sig yfirleitt á mistökum sínum og lagar þau með því að lesa textann aftur.

Að minna á: Ef lestrarfélaginn leiðréttir sig ekki eða tekur ekki eftir því að hann hefur lesið orð rangt þarf að minna hann á að lesa aftur og af meiri nákvæmni (*skoðaðu orðið betur*) eða benda honum á að gefa merkingu betur gaum (*er vit í því sem þú varst að lesa?*). Ef hvorug ábendingin dugar má lesa orðið fyrir lestrarfélagann og biðja hann svo um að lesa alla setninguna eða málsgreinina aftur.

Að hrósa: Þegar lestrarfélaginn er búinn að lagfæra lestur sinn þarf að hrósa honum fyrir árangurinn og hvetja hann áfram.

Mótun hendinga

Einn þáttur lesfíminnar snýr að því að geta lesið texta í hæfilegum hendingum (setningarliðir sem afmarkast t.d. af samtengingum eða greinarmerkjasetningu) þannig að hann flæði vel í stað þess að lesa hann orð fyrir orð. Rannsóknir benda til þess að eldri nemendur geti haft gagn af því að velta því fyrir sér hvernig **mótun hendinga** og **greinarmerkjasetning** getur haft áhrif á merkingu texta. Eins getur verið forvitnilegt að vinna með hendingar í ljóðum því þær eru skýrt afmarkaðar og gefa vel til kynna innbyrðis skipulag hugmynda/hugsunar í texta. Ljóð henta því einnig vel til að skoða hvað gerist ef hendingum er breytt og greinarmerkjum hnikað en hvort tveggja getur haft veruleg áhrif á merkingu og hrynræna eiginleika þeirra.

